

Íslenska

Kennarar: Anna Sigríður Pálsdóttir, Brynja Blumenstein og Ragnheiður Eiríksdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Í Hlíðaskóla er íslenska, samfélags- og náttúrugreinar kendar undir merkjum Byrjendalæsis. Aðferðin miðast við að vinna með hlustun, lestur, tal og ritun í einni heild samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli.

Íslenskukennsla er að meðaltali 8,5 kennslustundir í viku

Dæmi um viðfangsefni í íslensku eru: stfainnlögn, lestur, lesskilningur, málfræði, skrift, ritun, hlustun, tjáning, framsögn og íslenskt táknmál.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að læra?

Skólinn og heimilið bera sameiginlega ábyrgð á máluppeldi barna, en málhæfni er grundvöllur þátttöku í samfélaginu. Þetta á jafnt við um íslensku og íslenskt táknmál. Meginmarkmið námsins er að efla tjáningu, læsi og gagnrýna hugsun nemenda í gegnum fjölbreytt verkefni. Með því að tengja ólíka þætti tungumálsins öðlast nemendur hagnýta leikni, jákvætt viðhorf til málsins og getu til að miðla þekkingu sinni í lýðræðisþjóðfélagi.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Lestrarlandið (lestrarbók, vinnubók), Orðasafnið, Sögubókin mín, léttlestrarbækur, Ljósrituð hefti (Út fyrir bókina), Við lesum vinnubók, Ljósrituð verkefni tengd Byrjendalæsi, Barnabækur og fræðibækur fyrir börn í Byrjendalæsi, Nestissögur, Bókasafnstímar (þar sem lesið er fyrir nemendur eða þeim sagðar sögur), Leikritið Rauðhetta og dýrin í skóginum, söngvar og ljóð, iPad (Grapho game) svo nokkuð sé nefnt.

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Í íslenskukennslu er stuðst við Byrjendalæsi, þar sem unnið er með hlustun, lestur, tal og ritun sem eina samfellda heild. Markmiðið er að efla orðaforða og lesskilning í gegnum merkingarbæra texta og barnabækur.

Vinnuferlið er í þremur skrefum:

1. Inntak textans: Texti er lesinn 2–3 sinnum. Forsíða er skoðuð, spáð í efnið, myndir rýndar og orð útskýrð til að dýpka skilning.
2. Tæknilegir þættir: Sundurgreining og samtenging. Unnið er með lykilorð textans, stafi, orðhluta og stafsetningu (t.d. með orðasúpu eða orðaskuggum).
3. Enduruppbygging: Skapandi vinna þar sem nemendur nýta inntakið til að skapa eitthvað nýtt, svo sem í gegnum tjáningu, ritun eða textagerð.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Framvinda nemenda í íslensku er metin út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms, þar sem vinna nemenda, þáttaka í umræðum og hópastarfi er metin. Matið er símat, gert jafnt og þétt allan veturinn. Nemendur fá styðjandi endurgjöf þegar námsefnið er nemendunum enn í ferskt í minni.

Þekking nemenda á bókstöfum er könnuð, niðurstöður skoðaðar og stuðningur veittur ef með þarf. Lesfimi, hraðlestrarpróf, er lagt fyrir í október, janúar og í maí. Í nóvember taka nemendur. Lesmál, lesskimun fyrir 1. bekk.

Námsmat birtist nemendum inn á Mentor og það rætt í nemenda- og foreldraviðtölum.

Viðmið úr námskrá

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fimm flokkum, talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritað mál og málnotkun. Þó hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni

Endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla 2024

Hæfniviðmið í íslensku fyrir 1. bekk: Að nemandi geti með aðstoð...

- Hlustað og horft með athygli á leikið efni og sögur,
- Sagt frá reynslu sinni. Getur endursagt einfaldan texta.
- Þekkt alla bókstafi og hljóð þeirra,
- Ráðið við einfalda umskráningu,
- Þekkt hugtökin bókstafur og orð,
- Geti klappað atkvæði í orðum,
- lesið einfaldan texta,
- lesið eða hlustað á sögur,
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,
- hafi orðaforða til þess að geta haldið uppi samræðum miðað við aldur,
- fundið rím við einföld orð,
- þekkt hugtakið málsgrein,
- fundið rím,
- leikið sér með orð og merkingu svo sem að með því að ríma og fara í orðaleiki,
- þekkt greinarmerkin punktur, komma og spurningarmerki,
- skrifað nafnið sitt,
- teiknað mynd og sagt sögu hennar.